

Hljótt um heiðarvirkjun



Hljótt hefur verið um framkvæmdir Íslenskrar orkuvirkjunar á Fjarðarheiði í marga mánuði. Bygging Fjarðarvirkjunar er langt komin og verður unnid fram í miðjan nóvember. Næsta sumar tekur við lokavinna við Heiðarvatnsstíflu, tilfierslu þjóðveggarins og jarðvegsfrágangur. Framkvæmdum á að ljúka að fullu haustið 2009. **Nánar á bls. 5**

Ritstjórinn kveður

Ritstjórnarskipti verða á Austurglugganum 1. nóvember. Þá letur Einar Ben Þorsteinsson af störfum og við tekur Steinunn Ásmundsdóttir. Einar Ben lítur yfir sviðið og hvetur Austfirðinga til að standa þétt á bak við héraðsfrettablaðið sitt, bæði með því að viðurkenna það sem virkan fréttamiðil og vænlegan vettvang fyrir auglýsingar. **Nánar á bls. 6**



austur glugginn

Fréttablað Austfirðinga
Verð í lausasölu kr. 400
Fimmtudagur 30. október

43. tbl. - 7. árg. - 2008

Áskriftarverð kr. 1.140 á mánuði

ISSN1670-3561

Mjólfjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

ÞÚ ERT Á GÓÐUM STAÐ

FJARDABYGGÐ fjardabyggd.is

SECURITAS

Landflutningar - Samskip
Kaupvangi 25
700 Egilsstaðir
Sími 458 8800
Fax 458 8808

Opnunartími:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 08:00-16:00

Landflutningar SAMSKIP

Framsóknarflokkurinn í Norðausturkjördæmi vill fyrst fara í aðildarviðræður við Evrópusambandið og leggja niðurstöður þeirra síðan í þjóðaratkvæðagreiðslu

Ný stefna á átta-vita Framsóknar



Gunnar Sigbjörnsson kemur úr grasrót Framsóknarflokksins.

8. kjördæmisþing framsóknarmanna í Norðausturkjördæmi samþykkti um síðustu helgi ályktun þess efnis að þegar skuli hafinn undirbúningur að samningaviðræðum um inngöngu í Evrópusambandið og samningsmarkmið skilgreind. Niðurstöður skal leggja í þjóðaratkvæði. Miðstjórn flokksins hafði áður samþykkt að farið yrði með hugsanlegar aðildarviðræður í þjóðaratkvæðagreiðslu og er því um markverða stefnubreytingu að ræða í einu öflugasta kjördæmi Framsóknarflokksins. Þaðan eru þrír af sjö þingmönnum flokksins.

Gunnar Sigbjörnsson á Egilsstöðum kom á kjördæmisþinginu með ingatillög-stjórnmalabingsins, virð-

breyt-una að ályktun sem nú ist hafa



kúvent vilja Framsóknarmanna í kjördæminu. Breytingatillagan var samþykkt með miklum meirihluta þingfulltrúa.

„Ég lagði til að í stað þess að spyrja þjóðina hvort við vildum ræða við Evrópusambandið, ætti strax að hefja undirbúning að aðildarviðræðum og skilgreina markmið,“ segir Gunnar. Síðan yrðu niðurstöður aðildarviðræðna lagðar í þjóðaratkvæði. Í raun og veru er þarna um talsverða stefnubreytingu að ræða í flokkinum, í það minnsta hér, í kjördæmi Valgerðar Sverrisdóttur. Hún hefur margofter lýst yfir að ástæðulaust sé að hafa áhyggjur af því þó Íslendingar fari í aðildarviðræður. Guðni Ágústsson hefur hins vegar viljað fara varlegar í Evrópusambandsaðild og haft meiri áhyggjur af því að halda flokkinum heilsteypum innbyrðis,“ segir Gunnar. Guðni og Valgerður voru bæði á þinginu, en þó ekki á sunnudag, þegar tillagan var samþykkt.

Gunnar segist vona að Framsóknarmenn þjappi sér á bak við þessa nýju niðurstöðu. Í ljósi fréttavikunnar sé hún í þeim anda sem hjarta þjóðfélagsins slái nú. Heilmikil umræða hafi verið um Evrópusambandsmálin í

Framsóknarflokkinum og fullt af fólki sé sömu skoðunar, þó ekki hafi hún komið jafnstærkt fram og nú.

Enginn tími sé til að fara í tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu og einfaldlega rangt að draga þjóðina í slíka baráttu án þess að hafa algjörlega svart á hvítu hvað aðildarviðræður þýði. „Í ljósi aðstæðna höfum við ekki efni á að gera okkur upp skoðanir sem við vitum ekki nákvæmlega hvort eru réttar eða rangar. Þetta er eitt öflugasta kjördæmi flokksins og skilaboð frá því hljóta að gefa ákveðna vísbendingu um vilja flokksmanna. Flokkurinn þarf klárlega að gera upp hvar hann stendur og kjósendur eiga heimtingu á að segir Gunnar Sigbjörnsson. vita það,“

SÁ




Sjáumst í Bónus á Egilsstöðum

Bónus býður betur!

Sama verð um allt land!

EKKERT BRUÐ!



Afgreiðslutími í Bónus á Egilsstöðum

Mánudag til fimmtudags
12.00 til 18.30

EKKERT BRUÐ!

Föstudag 10.00 til 19.30
Laugardag 10.00 til 18.00
Sunnudag 12.00 til 18.00

ALLTAF LÆGRA VERÐ!